

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602-4410 Árnesi 801 Selfoss og
Björgunarsveitin Sigurgeir kt 430585-0539 Suðurbraut við Árnes 801 Selfoss**

gera með sér svohljóðandi

Samstarfs- og þjónustusamning

Um verkefni er Björgunarfélagið tekur að sér fyrir sveitarfélagið og íbúa þess svo sem björgunaraðgerðir, fyrirbyggjandi aðgerðir, og önnur verkefni og kjör.

Björgunaraðgerðir

Björgunarfélagið Sigurgeir leitast við að vera undantekningalaust til taks við allar björgunaraðgerðir sem upp kunna að koma. Auk þess mun björgunarsveitin vinna með almannavörnum í sveitarfélaginu.



Fyrirbyggjandi aðgerðir

Skapist hættu eða almannavá í sveitarfélaginu, þá er Björgunarsveitin Sigurgeir tilbúin til að vera lögreglu, almannavörnum og sveitarfélaginu til reiðu við að hindra tjón eða leitast við að koma í veg fyrir að frekara tjón hljótist af þeirri vá er skapast hefur og koma íbúum til aðstoðar til að forað verðmætum frá tjóni.

Námskeið fyrir íbúa sveitarfélagsins

Sveitarfélagið skuldbindur sig til að kaupa af björgunarsveitinni námskeið sem haldin verða fyrir íbúa sveitarfélagsins. Samstarf við grunnskólann þar um væri æskilegt. Meðal efnis sem tekið væri fyrir á slíkum námskeiðum væri til að mynda varðandi notkun GPS, rötun, ferðamennsku, skyndihjálp og fleira eftir samkomulagi beggja aðila. Miðað er við að hvert námskeið taki 3 klukkustundir að lengd og verð ca 40.000 kr. Sveitarfélagið mælist til þess að Björgunarsveitin sinni nýliðun félaga á samningstímanum.

Styrkur í formi greiðslna vegna verkefna

Sveitarfélagið samþykkir að greiða fyrir verkefni allt að 600.000 kr á ári hverju. Þau verkefni sem þar koma helst til greina eru gæsla í Þjórsárdal um stærstu ferðahelgar ársins og umferðastjórnun við fjárréttir.

Jon H.
B.P.H

Önnur verkefni

Um er að ræða lagning og stikun gönguleiða í Þjórsárdal eða víðar í sveitarfélaginu og aðstoð við gerð göngukorta. Auk þessa kæmu til greina verkefni tengd öryggi ferðamanna á ferð um hálandi sveitarfélagsins. Viðmiðunartímagjald 2.000-2.500 kr á mann. Á tæki 3.500 kr.

Gildistími

Samningur þessi gildir frá undirskrift til ársloka 2023. Ef til uppsagnar kemur skal hún taka gildi við næstu áramót eftir uppsögn.

17
Árnesi janúar 2019

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

Kristófer Tómasson sveitarstjóri

Fyrir hönd Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs

Björgvin Harðarson

Björgvin Harðarson formaður

Jón Hákonarson

Jón Hákonarson Gjaldkeri

Einar Bjarnason ritari

16800

Durítur Jónsdóttir 150151-3929.

Krisbjörg A. Gestsd. 291250-3519